

**Starfsskýrsla bókasafns Borgarholtsskóla  
Skólaárið 2015-2016**

**Starfsfólk:** Ása Þorkeldsdóttir safnstjóri og Steinunn Þórdís Árnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur, báðar í fullu starfi.

**Notendur:** 1263 nemendur hófu nám við skólann á haustönn og 1256 nemendur á vorönn. Starfsmenn í maí voru 123.

**Húsnæði:** Safnrými, lesstofa, skrifstofa og geymsla eru um 383 m<sup>2</sup>. 72 sæti eru fyrir safngesti.

**Opnunartími:** Mánud. - fimmtud. kl. 8.00-16:30, föstud. kl. 8.00-15:30. Opið var í 41,5 klst. á viku. Vegna breytinga á kennslutilhögun þar sem kennt er eftir hádegi á föstudögum lengdum við opunartímann um hálfu klukkustund á föstudögum.

**Aðföng:** Áskrift er að 20 tímaritum, fréttabréfum og ársritum.

Skráð aðföng veturinn 2015-2016	Aðföng	Fyrri skólaár	Eign í maí
bækur	262	(320)	8867
kort	0	(0)	54
spil	0	(4)	29
geislaflötur (CD)	0	(0)	255
snældur	0	(0)	16
myndbönd	0	(0)	168
mynddiskar (DVD)	23	(27)	687
<b>Eintök alls:</b>	<b>274</b>	<b>(306)</b>	<b>10.076</b>

Uppruni gagna	
keypt	265
aðsent/ókeypt	6
gjafir	14

Afskriftir	
glatað/vanskil	5
úrelt/ónýtt	220

Fjöldi titla eftir greinum		
001-099	Tölvufræði, bókaskrár, bókasafnsfræði, alfræðirit	1
100-299	Heimspeki, sálfræði, siðfræði, trúarbrögð	13
300-399	Félagsfræði, stjórnsmál, hagfræði, menntamál, þjóðfræði	33
400-499	Tungumál	8
500-599	Raunvísindi	9
600-699	Tækni, framleiðsla, iðnaður, heilbrigðisvísindi, viðskipti	23
700-799	Listir, skemmtanir, tómstundir, íþróttir	34
800-899	Bókmenntir	133
900-999	Sagnfræði, landafræði, ævisögur	26

**Útlán og millisafnalán:** 3780 (4280) eintök voru lánuð frá safninu. Millisafnalán voru 13 (15) eða 8 til safnsins og 5 til annarra bókasafna. Útlánnum fer fækkandi en viðvera nemenda og

þjónusta við þá minnkar ekki og fannst okkur hún vera heldur meiri í vetur en síðastliðinn vetur.

**Notkun safnsins, upplýsingaþjónusta:** Á haustönn dagana 12. – 16. nóvember og á vorönn dagana 5.-11. apríl gerðum við þjónustutalningu og þær tölur eru svipaðar og fyrri ár.

### Rekstrarkostnaður:

Rekstrarkostnaður 2015	
bækur, tímarit og annar safnkostur	1.150.397
bókasafnskerfi (hýsing og þjónusta)	504.000
gagnasöfn (landsaðgangur og Snara)	186.000
<b>Samtals:</b>	<b>1.735.235</b>

**Gagnasöfn og vefbækur:** Bókasafnið greiðir hlut í landsaðgangi að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum. Bókasafnið greiðir nú fyrir áskrift að vefbókasafninu Snara.is sem inniheldur orðabækur og fleiri handbækur

**Tölvur og búnaður:** Í upphafi haustannar komu 24 nýir skrifstofustólar á safnið sem var skipt úr fyrir illa farna og ljóta stóla sem fyrir voru, enn vantar um 20 stóla til að búið sé að endurnýja alla skrifstofustóla. Á safninu eru nú 17 tölvur fyrir nemendur og voru tvær þeirra endurnýjaðar á haustönn, einnig komu nýjar tölvur við inngang sem eru eingöngu ætlaðar til að leita í Leitir.is. Ný tölva og skjár kom í afgreiðslu, enda var sú sem fyrir var komin vel til ára sinna.

**Safnkennsla:** Á vetrinum var safnkennsla fyrir 8 lífsleiknihópa, samtals 175 nemendur, 4 hópa í SAG303 alls 96 nemendu, einn hóp í UPP103 alls 25 nemendur. Kennsla í heimildaleit og heimildaskráningu fyrir lokaverkni afreksíþróttanemendur alls 20. Einnig var safnkennsla fyrir einn hóp í dreifnámi KON103 alls 21 nemanda. Kynningar á þjónustu og starfsemi bókasafnsins voru fyrir dreifnámið og kennaranemendur.

**Kynningarmál:** Bókasafnið er með upplýsingasíður á vef skólans. Þar er meðal annars hægt að nálgast aðfangalista hvers mánaðar og yfirlit yfir tímarit í áskrift. Einnig sendum við kennurum tölvupóst með upplýsingum um nýtt efni sem tengist þeirra kennslu- og áhugasviði. Leitast er við að vekja athygli nemenda á spennandi bókum og hvetja þá til að lesa sér til ánægju. Opið hús var í skólanum 3. mars og var opið á safninu til 19:00 og fjöldi fólks kom á safnið

### Fundir og námskeið:

Ása fór á námskeið hjá Landskerfum – „Hversdagsstörf in í nýju ljósi.“ Hún fór einnig á ráðstefnu um heilsueflandi framhaldsskóla. – „Opnum verkfærakisturnar.“ Þar sem Borgarholtsskóla var afhent gulleplið fyrir heilsueflandi starf. Ása fór á aðalfund Alefli-notendafélags um Gegni. Steinunn fór á námskeið: „Vefakademían um Google Analytics“ og sótti hádegisfund á vegum SKÝ (Skýrslutækni félag Íslands) sem var með yfirstriftina „Hvað þarf verstjórnin að vita um öryggismál? : öryggismál á mannamáli.“ Steinnunn fór á tvo fræðslufundi skrásetjara í Þjóðarbókhöðu. Báðar fóru á sitthvorn fræðslufundinn hjá Upplýsingu – félags um bókasafns- og upplýsingafræði. Ása sótti fundi samstarfshóps bókasafns- og upplýsingafræðinga í framhaldsskólum. Báðar fóru á fund á Selfoss í samstarfshópnum. Einnig fóru báðar á námskeið hjá Landskerfum bókasafna um nýjar skráningarreglur. Dagana 2-3. júní mun Steinunn fara á ráðstefnuna Creating Knowledge VIII sem haldin er á Hilton Nordica í Reykjavík.

**Önnur störf:** Ása situr í gæðaráði og í stýrihópi um heilsueflandi skóla. Steinunn sér um vefsíðu skólans.

Máí 2016 Ása Þorkelsdóttir